

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 8. júní 2017 - R17040185

[illegible]

From: Guðni Kristjánsson [mailto:guðnik@ils.is]
Sent: 29. maí 2017 14:41
To: ...

Subject: Skýrsla um könnun á leiguíbúðum sveitarfélag 2016

Ágæti viðtakandi.

Í samvinnu við velferðarráðuneytið og forvera þess hefur Varasjóður húsnæðismála frá árinu 2004 annast árlega könnun á stöðu leiguíbúðamála hjá sveitarfélögunum í landinu við lok undangengins árs. Tilgangur könnunarinnar er að fylgjast með framvindu og breytingum á stöðu leiguíbúða og koma þær upplýsingar sem aflað er m.a. að notum við stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum.

Niðurstaður úr könnuninni vegna ársins 2016 liggur nú fyrir og hefur verið birt á heimasvæði Varasjóðsins á vefsíðu velferðarráðuneytisins, www.velferdarraduneyti.is

Skýrsluna í heild sinni er hægt að nálgast hér.

Helstu niðurstöður könnunar eru eftirfarandi:

Alls glímdu 27 sveitarfélög við rekstrarvanda vegna leiguíbúða um síðustu áramót og hefur fækkað um fimm frá fyrra ári. Eins og áður er rekstarvandinn jafnan rakinn til þess að leigutekjur standa ekki undir rekstri.

Vandkvæði vegna auðra íbúða innan leiguíbúðakerfisins eru að mestu úr sögunni; fyrir 10 árum höfðu um 150 íbúðir verið auðar lengur en sex mánuði en nú ná þær ekki að fylla einn tug.

30 sveitarfélög töldu sig búa við skort eða nokkurn skort á leiguíbúðum árið 2016, 13 sveitarfélög töldu leigumarkaðinn vera í jafnvægi, þrjú nefndu nokkurt offramboð og eitt nefndi offramboð. Sveitarfélögum sem nefna skort á félagslegu húsnæði hefur fjölgað úr sex í ellefu en þeim sem telja sig búa við jafnvægi á markaði hefur fækkað úr 23 í 13.

Umsækjendur á biðlistum sveitarfélaga eftir félagslegu leiguhúsnæði voru 1.613 árið 2016 en þeir voru örlítið fleiri árið áður, eða 1.688. Flestir umsækjendanna eru einstaklingar eða einstæðir foreldrar.

Biðtími eftir íbúð var lengstur, 48 mánuðir hjá Hafnarfjarðarkaupstað, þá 36 mánuðir hjá Reykjavíkurborg og Hveragerðisbæ og 30 mánuðir hjá Akureyrarkaupstað.

Alls hafa 11 sveitarfélög áform um að fjölga leiguíbúðum sínum um samtals 85 íbúðir, ýmist með því að kaupa, byggja eða framleigja íbúðir. Mestu munar um 46 íbúðir sem Reykjavíkurborg hyggst kaupa. Alls haf sex sveitarfélög í hyggju að taka í notkun 121 íbúð á árunum 2017 og 2018. Þarna vegur þyngst hlutur Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem reiknað er með að 28 íbúðir verði teknar í notkun árið 2017 og 45 íbúðir árið 2018, alls 73 íbúðir.

Meðalleigan var hæst á höfuðborgarsvæðinu og á því svæði var hún hæst í Garðabæ, Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað. Meðalleiga á fermetra utan höfuðborgarsvæðisins er oftast en ekki um eða undir 1.000 kr. Sé lítið til einstakra landshluta var meðalleigan lægst á Vestfjörðum og næstlægst á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

Með bestu kveðju og þakklæti fyrir þátttökuna,

Guðni Kristjánsson

Framkvæmdastjóri

S: 569-6878



Málsnr.: *R17050059*
Skjalasafn Ráðhúss
30. maí 2017
Bréfalýkill: *430*

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9500 postur@mrn.is
menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 17. maí 2017
Tilv.: MMR17050059/6.14.1

Efni: Niðurstöður ytra mats á starfsemi leikskólans Sæborgar

Í febrúar 2017 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi leikskólans Sæborgar í Reykjavík. Úttektin er gerð á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahlald. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun og starfsfólk, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta, sérkennsla og innra mat. Skýrsla úttektaraðila fylgir hér með og hvetur ráðuneytið fræðsluyfirvöld í Reykjavík, skólastjórnendur, starfsfólk og foreldra til að kynna sér vel innihald skýrslunnar svo og þær ábendingar og tillögur til úrbóta sem fram koma í henni. Í kaflanum Matsþættir á bls. 22 í skýrslunni er sett fram tafla með styrk- og veikleikagreiningu allra matsþátta. Alls fá 15 matsþættir af 21 hæstu einkunn eða dökkgrænt. Aðrir þættir fá ljósgrænt sem þýðir meiri styrkleikar en veikleikar. Þetta bendir til þess að starfið í Sæborg sé til fyrirmyndar og eftirbreytni fyrir aðra leikskóla landsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskar eftir því að borgarstjóri/skólastjóri sendi ráðuneytinu, fyrir 4. september 2017 tímasetta umbótaáætlun um hvernig brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni. *Sjá hjálagða æskilega framsetningu fyrir umbótaáætlun með dæmi um upphaf að umbótaáætlun fyrir Stjórnun í úttektarskýrslu.* Skýrslan verður birt á vef ráðuneytisins ásamt áætlun um umbætur. Að lokum þakkar ráðuneytið yfirvöldum fræðslumála í Reykjavík, starfsfólki leikskólans, nemendum og foreldrum fyrir góða samvinnu við úttektina.

Fyrir hönd ráðherra

Margrét Harðardóttir
Margrét Harðardóttir

Sigríður Lára Ásbergsdóttir
Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri, formaður skólanefndar og formaður foreldrafélags

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið.
Stjórn Stjórnun						
Fagleg forysta						
Stjórnandinn sem leiðtogi	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár.	XXX
XXX	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár.	XXX
Stefnumótun og skipulag						
Starfsáætlun og skólanámskrá	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár	XXX
XXX	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár	XXX

Ytra mat

Leikskólinn Sæborg Reykjavík

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir
© Menntamálastofnun, 2017.
ISBN 978-9979-0-2112-4

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Sæborg	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	13
Námsaðstæður	13
Starfshættir	13
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	14
Námssvið	14
Velferð og líðan barna	15
Mat á námi og velferð barna	16
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	17
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	17
Viðhorf foreldra	18
Samstarf við grunnskóla	18
Annað samstarf	18
Skóli án aðgreiningar	19
Sérfræðipjónusta og sérkennsla	19
Börn með annað móðurmál en íslensku	20
Innra mat	20
Skipulag og viðfangsefni	20
Gagnaöflun og vinnubrögð	20
Opinber birting og umbætur	21
Matsþættir	22
Samantekt	23
Lokaorð	26
Heimildir	27

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá, markvisst er unnið samkvæmt henni og hún er sýnileg í starfinu. Unnið hefur verið með gildi skólans sem voru mjög sýnileg í vettvangsathugunum. Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með hversu markvisst er unnið í leikskólanum samkvæmt stefnunni. Mikið er lagt upp úr fallegu og vistlegu umhverfi í leikskólanum og útileiksvæðið er stórt og vel tækjum búið. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa og skoða ætti hvernig hægt er að draga úr starfsmannaveltu. Huga þarf að því að bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar inni og nýta betur skólalóðina til slíkrar þjálfunar. Leita ætti leiða til að bæta aðstæður fyrir börn til að vera í ró og næði og vinna áfram að því að bæta vinnuaðstæður eins og kostur er.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Samstarf við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar er gott. Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn metnað og faglegur metnaður einkennir starfið í leikskólanum. Skólabragur er góður og starfsfólk er ánægt með starfsandann og samvinnuna. Upplýsingaflæði innanhúss er gott, svo og aðgengi að stjórnendum. Fagfundir og skráningafundir eru reglulegur þáttur í starfinu, starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og starfsmannahandbók er aðgengileg á deildum. Allir starfsmenn koma að gerð skólanámskrár. Gæta ætti þess að deildarfundir séu haldnir reglulega og að undirbúningstímar falli ekki niður. Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi í leikskólanum og gefa starfsfólki endurgjöf. Leikskólastjóri mætti huga að því að setja ábendingar til starfsmanna fram á uppbyggilegan hátt og hrósa meira fyrir vel unnin störf. Verklagsreglur ef upp koma slys á börnum ættu að vera sýnilegar á deildum.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru vel nýttir og nærumhverfi leikskólans er mikið notað til vettvangsferða. Vel er hugað að því að hafa umhverfi barnanna innandyra fallegt og mikið er af skapandi efnivið í auglýsni barnanna. Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum. Umhyggja, virðing og hlýja einkennir samskipti starfsfólks við börnin og sýnilegt er að starfsfólkið hefur trú á getu þeirra og hvetur þau til sjálfshjálpar. Lögð er áhersla á lýðræði barnanna, þau hafa val um viðfangsefni og taka þátt í ákvörðunum um eigið nám. Réttur þeirra til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif er virtur. Til fyrirmyndar er hvernig leitað er eftir hugmyndum barnanna um jólagjafir, öskudagsbúninga og í þemavinnu og þau studd í að útfæra þær og framkvæma. Til fyrirmyndar er einnig hvað sköpun er gert hátt undir höfði og hvernig unnið er að uppeldislegum skráningum til að gera námsferli, þroska og áhuga barna sýnilegri. Samvinna er við foreldra um mat á námi og framförum barnanna og einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir öll börn í leikskólanum. Elstu börnin setja sér markmið í námi sem skráð eru í einstaklingsnámskrá. Námsbók með skráningum um barnið fylgir því í gegnum leikskólagönguna og er ásamt einstaklingsnámskrá lögð til grundvallar samræðu um barnið í foreldraviðtölum. Leita má leiða til að skilgreina samræmd hegðunarviðmið fyrir börnin með aðkomu þeirra og samræma verklag um hvernig tekist er á við krefjandi hegðun.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið. Foreldraráð þarf að funda reglulega, setja sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir á heimasíðu leikskólans. Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin og til fyrirmyndar er hvernig foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum og taka þátt í leikskólastarfinu. Mannauðurinn í foreldrahópnum er vel nýttur. Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Unnið er að metnaðarfullum verkefnum í samstarfi við aðrar skólafnanir.

Skóli án aðgreiningar

Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik og vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund. Börnunum er ekki nægilega tryggð snemmtæk íhlutun í samræmi við stefnu borgarinnar þar sem löng bið er eftir sálfræði- og þroskamati hjá þjónustumiðstöð. Skipulag sérkennslunnar er í föstum skorðum en æskilegt er að gera það skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir komi upp grunur um frávík hjá barni. Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.

Innra mat

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi. Langtímaáætlun og matsáætlun fyrir skólaárið liggja fyrir og matsteymi skipuleggur og heldur utan um matið. Ígrundun starfshátta er virkur hluti af innra mati leikskólans. Markmið þemaverkefna eru sett fram og metin og börn eru þátttakendur í innra mati. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Umbótaáætlun er opinber og þar koma fram nauðsynlegar upplýsingar. Meta ætti alla helstu þætti starfsins og skoða má hvernig unnt er að nýta niðurstöður ytra mats enn betur í innra matinu en nú er gert. Í skólanámskrá mætti koma skýrar fram hvernig markmið skólans eru metin, þau ætti að meta markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um árangur. Skoða má hvernig hægt er að greina gögn um nám og framfarir barna betur fyrir hópinn og virkja foreldra meira í innra matinu en nú er gert. Í greinargerð um innra mat er gott að taka saman helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og vinna áfram með alla veika þætti í umbótaáætlun.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Sæborg í Reykjavík. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi 21.–23. febrúar 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum¹.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi². Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 9. febrúar á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaðila. Matsmenn dvöldu í þrjá daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og haft var samband við skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til³. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu SFS til yfirlstrar.

¹Lög um leikskóla nr. 90/2008.

²Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

³Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn Sæborg

Leikskólinn Sæborg er fjögurra deilda leikskóli sem stendur við Starhaga í Reykjavík, nálægt fjörunni og sjónum. Leikskólinn tók til starfa árið 1993 sem þriggja deilda leikskóli en tveimur árum síðar var byggt við húsið og einni deild bætt við. Stefna Sæborgar er að hafa deildirnar sem aldurhreinastar og flytja börn og starfsfólk saman upp á milli deilda⁴. Deildirnar heita eftir húsum sem eitt sinn stóðu eða standa í nágrenni leikskólans. Yngstu börnin eru á Görðum, næstýngstu börnin á Lambhóli, næstelstu börnin á Suðurhlíð og þau elstu á Brúarenda.

Í leikskólanum dvelja 82 börn á aldrinum eins til sex ára, 44 stúlkur og 38 drengir. Fjögur börn eru með skilgreinda sérkennslu í skólanum og nokkur eru í greiningarferli. Eitt barn er með annað móðurmál en íslensku og nokkur eru tvítyngd. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45 til 17:00.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 20 starfsmenn í 17,60 stöðugildum, fjórir karlmenn og 16 konur. Aðstoðarleikskólastjóri er í 20% starfshlutfalli við stjórnun og 80% hlutfalli sem deildarstjóri elstu deildar. Leikskólastjórnendur eru báðir leikskólakennarar svo og verkefnastjóri í listasmiðju og deildarstjóri næstelstu deildar. Einnig starfa við skólann þrír þroskajálfar og gegnir einn þeirra stöðu sérkennslustjóra. Þrír starfsmenn hafa lokið annarri háskólamenntun, þar af tveir menntun í uppeldis- og menntunarfræði. Einn starfsmaður hefur lokið námi í leikskólabró og annar stundar það nám. Tæplega fjórðungur starfsmanna er með leikskólakennaramenntun og uppfyllir skólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að töluverð hreyfing hefur verið á starfsfólki í leikskólanum og að fagfólk vantar til starfa⁵. Þar sem erfitt er að ráða leikskólakennara leggur leikskólastjóri áherslu á að ráða fólk með annars konar menntun, oft listamenn⁶. Í viðtalinu við leikskólustjóra kom fram að starfsmannahópin væri ungur og öflugur sem gerði það að verkum að fólk stoppaði oft stutt. Sjö af 20 starfsmönnum leikskólans hafa unnið þar í eitt ár eða skemur.

Húsnæði

Húsnæði skólans var upphaflega byggt fyrir þrjár deildir en sú fjórða bættist við þegar byggt var við skólann. Yngsta deildin er í viðbyggingunni og gengið er í hana út frá aðalinngangi en í hinar deildirnar er gengið inn úr miðrymi, sem í Sæborg kallast *torgið*. Þaðan er einnig gengið inn í litla listasmiðju. Börnin borða flest á torginu og þar eru því borð og stólar. Á litlum gangi út frá miðrymi er lítið eldhús, setustofa og vinnuaðstaða starfsmanna, skrifstofa leikskólustjóra og eitt starfsmannasalerni. Hver deild skiptist í tvö herbergi og salernisaðstöðu fyrir börnin. Eitt lítið fundarherbergi er í leikskólanum og er það einnig nýtt til sérkennslu. Nýlega var hætt að elda mat í leikskólanum þar sem ekki fékkst matreiðslumaður til starfa. Þá losnaði lítið rými, sem áður var búr, og bættist þá við annað sérkennsluherbergi. Við aðalinngang er salerni sem starfsmenn og börn nota og það er einnig notað sem þurrkherbergi fyrir útföt starfsmanna. Í vettvangsathugunum sást að mikið er lagt upp úr fallegu og vistlegu umhverfi.

⁴ Heimasíða Sæborgar.

⁵ Viðtal við leikskólustjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁶ Viðtal við leikskólustjóra.

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla en húsnæðið setur starfinu vissulega skorður þar sem þrengsli eru mikil. Aðstaða til hreyfileikja inni er takmörkuð og það sama má segja um aðstöðu fyrir börnin til að vera í ró og næði. Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu er þröng, setustofa starfsfólks er lítil svo og skrifstofa leikskólastjóra. Einungis eitt salerni er fyrir starfsmenn. Samkvæmt umbótaáætlun í starfsáætlun 2016–2017 er unnið að bættri hljóðvist á deildum.

Í rýnihópum deildarstjóra og í viðtali við sérkennslustjóra kom fram að of mörg börn væru á eldri deildunum tveimur og það mótaði starfið. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að sótt hefur verið um fækkun á elstu deildunum tveimur vegna þrengsla.

Útileiksvæði

Útileiksvæðið er stórt og vel búið leiktækjum. Svæðið er tvískipt og því möguleiki að hafa yngri börnin á sérsvæði. Börnin fara út einu sinni á dag og eldri börnin hafa val um hvort þau fari út fyrir eða eftir hádegi. Þegar matsmenn voru á vettvangi sást að starfsmenn dreifðu sér um svæðið og fylgdust með börnunum að leik. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að eitt af tækifærum til umbóta væri útiveran, að nota mætti útiveruna meira sem námsumhverfi og að „*skapandi starfið mætti vera sýnilegra úti líka*“ eins og einn þátttakandinn orðaði það. Á vettvangi sást að algengt er að farið sé með börnin í gönguferðir í nágrenninu.

Hugmyndafræði og áherslur

Í Sæborg hefur verið unnið eftir stefnu Reggio Emilia frá því núverandi leikskólastjóri kom til starfa fyrir um tuttugu árum. Stefnan er skýrt sett fram í skólanámskrá og einnig er skemmtileg framsetning á stefnu og starfi í myndum á heimasíðu skólans. Samkvæmt námskrá er í leikskólanum lögð mikil áhersla á skapandi starf og tjáningu, endurnýtanlegan efnivið, lýðræði og skráningar. Litið er á barnið sem virkan þátttakanda sem skapar sína eigin þekkingu en leiðarljós Sæborgar er: „*Í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa.*“ Markvisst var unnið með gildi skólans veturinn 2015–2016 en þau eru sköpun, virðing, gleði og metnaður.

Stefna skólans og gildi voru mjög sýnileg á vettvangi, bæði á veggjum og í starfi með börnunum svo til fyrirmyndar er. Gildin, skrifuð af barni á glugga við inngang, blasa við þegar gengið er inn í leikskólann. Þátttakendur í viðtölum og rýnihópum töldu stefnu skólans og gildi sýnileg í starfinu. Stefnan og gildin voru í rýnihópum gjarnan nefnd sem einn helsti styrkleiki skólans og foreldrar í rýnihópi töldu einstakt hversu markvisst væri unnið í samræmi við stefnuna.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Til fyrirmyndar er hversu markvisst er unnið samkvæmt stefnu skólans sem er mjög sýnileg í starfinu.
- Starfsmenn og börn unnu markvisst með gildi skólans veturinn 2015–2016. Gildin voru mjög sýnileg í vettvangsathugunum.
- Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með stefnu skólans og hversu markvisst er unnið samkvæmt henni.
- Útileiksvæði er stórt og vel tækjum búið.
- Mikið er lagt upp úr fallegu og vistlegu umhverfi.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Skoða markvisst ástæður starfsmannaveltu og hvernig hægt er að draga úr henni.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar innandyrna og nýta betur aðstöðu úti til slíkrar þjálfunar.
- Huga að aðstöðu fyrir börn til að vera í ró og næði.
- Áfram þarf að leita leiða til að bæta vinnuaðstæður barna og starfsmanna.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Sæborgar er Reykjavíkurborg, sem rekur 62 leikskóla í borginni. Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs og fer með verkefni nefndar, sem kjörin er af sveitarstjórn, samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ráðið mótar stefnu í menntamálum og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs. Skóla- og frístundasvið heyrir undir ráðið og er sviðsstjóri yfirmaður þess. Undir honum starfar skrifstofustjóri leikskóla sem hefur yfirumsjón með faglegu starfi leikskóla í borginni. Í símtali við skrifstofustjóra kom fram að samskipti við leikskólustjóra Sæborgar eru góð. Nefndi hann að Sæborg væri margverðlaunaður skóli, með gott orðspor og því væri hann eftirsóttur af foreldrum. Sagði hann leikskólann taka virkan þátt í öllum viðburðum á vegum borgarinnar og vera sýnilegan með verkefni sín. Þá hafi Sæborg stutt vel við aðra leikskóla í borginni með fræðslu og námskeið um skráningar⁷.

Sérfræðipjónusta við leikskóla í Reykjavík hefur frá árinu 2016 verið á fimm þjónustumiðstöðvum í borginni. Sérfræðipjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamnings milli skóla- og frístundasviðs annars vegar og velferðarsviðs hins vegar. Leikskólinn Sæborg fær sérfræðipjónustu frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Skóla- og frístundasvið hefur mótað stefnu og starfsáætlun fyrir árið 2016, sem gildir fyrir allar undirstofnanir sviðsins. Þar koma fram fjórir meginþættir sem lögð er áhersla á í starfsemi sviðsins: (1) Málproski, lestrarfærni og lesskilningur, (2) verk-, tækni- og listnám, (3) lýðræði, jafnrétti og mannréttindi og (4) fjölmennig. Gert er ráð fyrir að hver starfsstaður setji sér markmið sem byggja á þessum þáttum og marki sér sérstöðu með áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í starfi.

Skipurit fyrir leikskólann liggur fyrir.

Námskrá og áætlanir

Ný námskrá Sæborgar kom út 2016. Námskráin uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Betur mætti gera grein fyrir samstarfi leikskólans og grunnskóla og einnig skipulagi sérfræðipjónustu. Námskráin var unnin undir forystu leikskólustjóra og koma allir starfsmenn að gerð hennar⁸. Sérstök námskrárnefnd, með fulltrúum allra deilda, vann að námskránni sem einnig var unnin á starfsmannafundum. Í viðtali við leikskólustjóra kom fram að elstu börnin höfðu sitt að segja um námskrána, rætt var við þau um starfið og þær breytingar sem þau vildu sjá og niðurstöður þess fundar voru teknar saman og settar í námskrá og starfsáætlun. Námskráin var lögð fyrir foreldraráð til umsagnar⁹.

Starfsáætlun 2016–2017 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í henni eru þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Leikskólustjóri leiðir gerð starfsáætlunar og fram kom í viðtali

⁷ Símtal við skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

⁸ Viðtal við leikskólustjóra, rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

⁹ Viðtal við leikskólustjóra og rýnihópur foreldra.

við leikskólastjóra að hún er borin undir starfsmenn en þó fyrst og fremst deildarstjórana. Matsteymi leikskólans kemur einnig að gerð starfsáætlunar og áður en henni er skilað er hún borin undir foreldraráð¹⁰. Starfsáætlun er skilað árlega til skóla- og frístundasviðs þar sem starfsfólk fer yfir hana og hún er lögð fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Starfsmannahandbók er aðgengileg á deildum og í henni eru m.a. námskrá og starfsáætlun, mannauðsstefna, viðverustefna og ýmsar fróðlegar greinar. Deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópi sögðu handbókina aðgengilega fyrir alla.

Rýmingaráætlun var ekki sýnileg á vettvangi en er í starfsmannahandbók eða flettitöflum að sögn leikskólastjóra. Rýmingaræfingar eru haldnar árlega. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum voru ekki sýnilegar í vettvangsathugunum. Fram kom hjá leikskólastjóra og í rýnihópi starfsmanna að tími væri kominn til að halda skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastjóri hefur unnið í Sæborg í um 20 ár og aðstoðarleikskólastjóri, sem kom til starfa í Sæborg haustið 2015, er með mikla starfsreynslu sem aðstoðarleikskólastjóri. Aðstoðarleikskólastjóri, sem jafnframt er deildarstjóri elstu deildar, er í 20% starfshlutfalli sem stjórnandi. Hlutverk hans er meðal annars að halda utan um heimasíðu skólans og vinna þau verkefni sem leikskólastjóri felur honum.

Í stjórnendateymi leikskólans eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, listasmíðjustjóri og sérkennslustjóri. Leikskólastjóri og deildarstjórar funda stuttlega á hverjum morgni um daginn framundan og stjórnendafundir eru hálfsmánaðarlega þar sem m.a. er rætt um þau verkefni sem framundan eru og allar stórar ákvarðanir er varða starfið¹¹. Deildarstjórar leiða starfið á sínum deildum. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeir taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku. Aðstoðarleikskólastjóri ritar fundargerðir á stjórnendafunum og þær eru aðgengilegar í starfsmannastofu¹².

Skipulagsdagar eru sex sinnum á ári og þeir eru meðal annars nýttir til námskeiðahalds og starfsmannafunda. Dagskrá starfsmannafunda er send fyrirfram til starfsmanna og foreldra og fundargerðir ritaðar. Fagfundir eru að sögn leikskólastjóra einu sinni til tvisvar á ári og þá sækja fagmenntaðir starfsmenn. Þeir eru eftir vinnu og þá er farið yfir ýmis fagleg málefni og voru skráningar ræddar á síðasta fundi. Einnig eru haldnir sérstakir skráningafundir þar sem listasmíðjustjóri leiðbeinir starfsmönnum um skráningar. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að skráningarfundirnir eru hugsaðir sem eins konar lærdómssamfélag. Deildarfundir eiga, að sögn leikskólastjóra, að vera hálfsmánaðarlega en það hefur ekki tekist í vetur. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að deildarfundir væru núna um það bil einu sinni í mánuði, mikið hefði verið um veikindi og erfitt að fá afleysingar. Á fundunum koma deildarstjórar skilaboðum af stjórnendafundum áfram til sinna starfsmanna, ræða skipulagið á deildinni og börnin. Fundargerðir eru ekki ritaðar á þessum fundum, að sögn deildarstjóra, en helstu atriði punktuð niður. Allir starfsmenn fá undirbúningstíma en hjá deildarstjórum kom fram að í vetur hafi verið eitthvað um að þeir hafi fallið niður og það bitni á starfinu.

Að mati starfsmanna og deildarstjóra í rýnihópum er upplýsingaflæði til starfsmanna gott. Leikskólastjóri sendir vikulegan póst til starfsmanna og einnig er upplýsingatafla á kaffistofu notuð til að koma skilaboðum á framfæri. Deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópum segjast einnig fá hvatningu til að efla sig í starfi. Ákveðnu ferli er fylgt við móttöku nýrra starfsmanna og til eru skráðar verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum. Nýir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Persónuupplýsingar eru geymdar í læstum hirslum.

¹⁰ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar foreldra og deildarstjóra.

¹¹ Rýnihópur deildarstjóra.

¹² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og hefur forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Leikskólastjóri segir í viðtali að hann hafi brennandi áhuga á hugmyndafræði Reggio Emilia og því skapandi starfi sem henni fylgi. Hann telur sig ákveðinn stjórnanda, sem nýti þá styrkleika sem starfsfólkið búi yfir. Starfsmenn og foreldrar í rýnihópum sögðu að gott aðgengi væri að stjórnendum. Börn í rýnihópi þekktu leikskólastjórann og sögðust „sjá hana oft“.

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann reynir að fara einu sinni á dag inn á deildir til að heilsa upp á alla og nýtir þær ferðir meðal annars til að fylgjast með námi og starfi. Deildarstjórar í rýnihópi sögðu leikskólastjóra hafa góða yfirsýn yfir starfið á deildunum en vildu gjarnan að hann kæmi meira þar inn. Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og eru þau gagnleg að mati þátttakenda í rýnihópum¹³. Leikskólastjóri tekur flest viðtölin og fer þá gjarnan með starfsfólkið í göngutúr. Niðurstöður viðtalanna eru skráðar og teknar saman. Fram kom í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna að stjórnendur hvetja til símenntunar. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að leikskólastjóri mætti hrósa starfsmönnum meira fyrir vel unnin störf¹⁴. Einnig kom fram að setja mætti ábendingar til starfsmanna fram á uppbyggilegri og meira hvetjandi hátt. Í öllum viðtölum og rýnihópum var faglegur metnaður stjórnenda og starfsfólks nefndur sem einn helsti styrkleiki skólans.

Starfsandi og starfsánægja

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsandi og skólabragur í leikskólanum er góður. Þátttakendur voru sammála um að góður andi ríki þar sem fólk deili þekkingu sín á milli og leiti ráða hvert hjá öðru. Fram kom í viðtölum og rýnihópum við stjórnendur og starfsmenn að flestum líður vel í starfi og starfsmenn telja að hæfni þeirra nýtist vel. Lögð var könnun fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar í mars 2015 og þá kom starfsánægja í Sæborg vel út þar sem 94% þátttakenda töldu sig ánægða í vinnunni en til samanburðar var meðaltalið hjá leikskólum borgarinnar 81%. Þess ber að geta að töluverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum síðan þessi könnun var lögð fyrir.

Skemmtinefnd heldur utan um ýmsa viðburði starfsmanna, svo sem jólagleði og árshátíð¹⁵. Einnig hefur hópurinn verið duglegur að fara í námsferðir saman og síðast var farið til Stokkhólms þar sem m.a. leikskólar sem starfa eftir Reggio Emilia voru heimsóttir.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að þrátt fyrir að faglegur metnaður sé álitinn einn helsti styrkleiki skólans geti hann valdið töluverðu álagi í starfi sé jafnvægis ekki gætt. Fram kemur í starfsáætlun að unnið sé að því að einfalda skráningarnar til þess að minnka álagið. Skráningarnar voru ræddar á fagfundi síðasta vetur og í kjölfarið var þessi þáttur settur í umbótaáætlun.

Styrkleikar

- Virkt og gott samstarf er við skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.
- Allir starfsmenn komu að gerð skólanámskrár.
- Starfsmannahandbók er aðgengileg á deildum.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn faglegan metnað.
- Aðgengi að stjórnendum er gott.
- Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og markvisst er unnið með niðurstöður þeirra.
- Fagfundir og skráningafundir eru reglulegur þáttur í starfinu.
- Skólabragur er góður.

¹³ Rýnihópar deildarstjóra og starfsfólks.

¹⁴ Viðtöl við stjórnendur og rýnihópur starfsfólks.

¹⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

- Starfsfólk er ánægt með starfsandann og samvinnu í leikskólanum.
- Faglegur metnaður einkennir starfið í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Halda deildarfundi reglulega og rita fundargerðir.
- Gæta að því að undirbúningstímar falli ekki niður.
- Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.
- Leikskólastjóri hugi að því að setja ábendingar til starfsfólks um það sem betur má fara fram á uppbyggilegan hátt og hrósa meira fyrir vel unnin störf.
- Skrá verklagsreglur um hvernig bregðast eigi við slysum á börnum og hafa þær sýnilegar á deildum.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum að því frátöldu að ekki er sérstakt rými til hreyfiiðkunar barna innanhúss þar sem salurinn (*torgið*) er notaður sem aðstaða fyrir skapandi starf og matsalur fyrir allar deildir. Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru vel nýttir og nærumhverfi leikskólans er mikið notað til vettvangsferða. Lögð er áhersla á opinn efnivið og eru einingakubbar og holukubbar á öllum deildum. Mikið er af efnivið til sköpunar á deildum og í sameiginlegum rýmum og er hann að stórum hluta til verðlaust efni sem safnað hefur verið úti í náttúrunni, frá heimilum og fyrirtækjum. Leiðfni og skapandi efniviður er í augnsýn barnanna. Lögð er áhersla á að hafa umhverfi barnanna fallegt og er efniviður flokkaður og honum raðað í box eftir litum og efnum. Hugað er að því að hafa notalega lýsingu á deildum með því að skerma af ljós og eru settar litaðar filmur á myndvarpa til að fá fallega birtu. Á öllum deildum er aðstaða til listsköpunar en auk þess er listasmiðja í sérstöku rými sem er notað fyrir allar deildir. Einnig er lítið herbergi (svartholið) sem allar deildir hafa aðgang að, þar er unnið með sjálflysandri efnivið í sérstakri lýsingu.

Starfsárið er þannig skipulagt að vinna við jólagjafir barnanna fer fram frá október til desember. Í janúar tekur við þemavinna í tengslum við barnamenningarhátíð sem stendur til vors. Stutt hlé er tekið á þemavinnu meðan vinna við gerð öskudagsbúninga fer fram. Dagurinn skiptist í frjálsan leik, samverustundir, hópastarf eða flæði og útivist.

Starfshættir

Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að umhyggja, virðing og hlýja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Samræður eru á jafnréttisgrunni og starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna til náms og samskipta. Frjálsum leik er gefið mikið rými og börnin fengu góðan tíma til að þróa leikinn og dýpka. Þátttaka starfsfólks í leik og verkefnum með börnunum var sýnileg á öllum deildum. Foreldrar í rýnihópi töluðu um góð og heilbrigð samskipti starfsfólks og barna. Í mars 2016 var lögð fyrir í Sæborg foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins. Spurt var m.a. um viðhorf foreldra til vinnubragða í leikskólanum, færni starfsmanna og félagsleg samskipti. Kom fram að 83% foreldra voru ánægðir með vinnubrögðin, 87,5% voru ánægðir með færni starfsmanna og allir (100%) töldu að félagsleg samskipti í leikskólanum væru góð¹⁶.

Samstarf og samábyrgð starfsmanna er sýnilegt á öllum deildum. Fram kom í rýnihópum að samstarf innan deilda er gott og starfsmannahópurinn samstilltur¹⁷. Þegar börnin flytjast á milli deilda að

¹⁶ Skólapúlsinn mars 2016.

¹⁷ Rýnihópur starfsmanna og rýnihópur deildarstjóra.

hausti flyst allt starfsfólk deildarinnar með. Nefnt var að þannig kynnist starfsfólkið börnunum og áhugasviðum þeirra betur og ekki fer fram aðlögunartímabil á hverju hausti¹⁸. Var einnig bent á að samstarf við foreldra yrði með þessum hætti nánara og meiri starfsþróun væri í starfsmannahópnum þar sem unnið væri með alla aldurshópa.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í Sæborg er lögð áhersla á lýðræði barna og þátttöku þeirra í ákvörðunum um eigið nám¹⁹. Gengið er út frá því að börnin ráði ferðinni og fái leiðsögn og hvatningu frá starfsfólki. Leitað er eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að framkvæma þær. Þannig ákveða börnin til dæmis sjálf hvað þau vilja búa til handa foreldrum sínum í jólagjöf og fá stuðning við að útfæra hugmyndir sínar²⁰. Börnin ráða einnig ferðinni við val á viðfangsefni til að rannsaka í þemastarfi en unnið er að því í hópum. Þau þurfa því að koma sér saman um hvaða stefnu hópavinnan tekur. Börnin ákveða hvað þau vilja vera á öskudaginn og í leikskólanum búa þau til búninga eftir sínum hugmyndum. Markmiðið er meðal annars að forðast stöðluð kynjahlutverk og stuðla að jafnrétti²¹. Matsaðilar urðu vitni að þessari vinnu og sáu áhugasöm og skapandi börn við búningagerðina.

Börnin koma, að sögn leikskólustjóra, ekki að ákvörðunum um skipulag leikskólastarfsins. Engu að síður er mikið leitað eftir hugmyndum þeirra og skoðunum varðandi málefni leikskólans, s.s. leikfni og viðfangsefni og þau hafa áhrif á umhverfi sitt og nám²². Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að börnin hafa áhrif á og val um hvaða verkefni þau vinna: „Þau eru spurð: Hvað viljið þið gera í dag? Ef þau segja mála, þá tökum við fram trönnur“²³. Viðfangsefni skipulagðra stunda eru stundum valin af starfsfólki og stundum af börnum²⁴. Börnin hafa í samráði val um hvert þau vilja fara í vettvangsferðir og elstu börnin koma að ákvörðun um hvert er farið í útskriftarferð. Í rýnihópi foreldra var sagt um lýðræðislega þátttöku barnanna í Sæborg: „Rödd barna er leiðandi stef, þau eru virkjuð og það er hlustað á þau og þau upplifa að þeirra rödd hefur vægi“²⁵.

Í hópastarfi er börnunum skipt upp í hópa og ræður áhugasvið barnanna hvernig raðast í hópana²⁶. Mismunandi er eftir deildum hvernig skipulagið í kringum hópastarfið er. Á yngstu deildinni er frjálst flæði í þeim verkefnum sem eru í boði í stað hópastarfs. Flæði er í síðdegishressingu þannig að börnin ráða sjálf hvenær þau fá sér hressingu innan ákveðinna tímamarka.

Sæborg hefur sett sér jafnréttisstefnu og leggur áherslu á jafnræði barna, rétt þeirra til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif²⁷. Jafnréttisnefnd leikskólans mótaði aðgerðaáætlun í samræmi við stefnuna og kom fram í rýnihópi deildarstjóra að í tengslum við þá vinnu var farið markvisst í gegnum allar bækur í leikskólanum og teknar út bækur sem voru með stöðluð kynjahlutverk. Jafnréttisumræða fer fram með börnunum.

Matsaðilar meta lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna í Sæborg til fyrirmyndar.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*.

Unnið er að námssviðinu læsi og samskipti í gegnum frjálsan leik og skapandi starf. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu þar sem skilgreindar hafa verið tíu vörður á leið til læsis²⁸. Málproski barnanna er eflur í sögustundum, söngstundum, í leikjum og daglegri samræðu og þau læra söngtexta, þulur, rím og orðaleiki²⁹. Börnin eru hvött til að segja frá fyrir framan hóp í tengslum við skráningar sem foreldrar gera af lífi barnanna utan leikskólans³⁰. Þau eru líka hvött til að spyrja þegar verið er að lesa bók í samverustundum. Fylgst er með samskiptum barnanna í leik, í gegnum skráningar og þátttöku starfsfólks. Lögð er áhersla á að börnin læri að bera virðingu, sýni tillitsemi, kurteisi, finni til

¹⁸ Rýnihópur deildarstjóra.

¹⁹ Námskrá Sæborgar.

²⁰ Rýnihópur deildarstjóra.

²¹ Rýnihópur deildarstjóra.

²² Viðtal við leikskólustjóra.

²³ Rýnihópur deildarstjóra.

²⁴ Rýnihópur starfsfólks.

²⁵ Rýnihópur foreldra.

²⁶ Rýnihópur starfsmanna og rýnihópur deildarstjóra.

²⁷ Námskrá Sæborgar og Starfsáætlun Sæborgar 2016–2017.

²⁸ Læsisstefna Sæborgar 2016.

²⁹ Námskrá Sæborgar.

³⁰ Rýnihópur starfsfólks og rýnihópur deildarstjóra.

samkenndar og séu tilbúin að hjálpa öðrum og þiggja hjálp³¹. Meðal annars er unnið að þessu með því að segja börnunum klípusögur í samverustundum sem fjalla um samskiptavandamál og lýkur sögunni áður en vandamálið er leyst. Börnin koma með hugmyndir að lausn vandans³².

Heilbrigði og vellíðan barnanna er studd með ýmsum hætti, svo sem með daglegri útiveru, hreyfingu, hollum mat og hvíld. Deildarstjórar nefndu í rýnihópi að helst vantaði á skipulagðar hreyfistundir í leikskólanum en að sögn þeirra hafa foreldrar bent á þann þátt í foreldrakönnunum. Mikið er lagt uppúr góðu samstarfi heimilis og leikskóla til að stuðla að vellíðan barnsins og foreldrar eru þátttakendur í að vinna skráningar fyrir námsbók barnsins og gera einstaklingsnámskrá³³. Sæborg hefur nýlega hafið þátttöku í verkefninu *Heilsueflandi leikskólar*³⁴.

Unnið er að sjálfbærni og vísindum meðal annars í gegnum skapandi efnivið sem býður upp á fjölbreytta möguleika til rannsókna og leiks. Efniviður til sköpunar er margs konar og samanstendur af endurnýtanlegu efni sem börnin hafa safnað sjálf í náttúrunni eða fengið frá heimilum og fyrirtækjum. Leikskólinn býr vel að tækjum til vísindastarfs sem matsaðilar sáu mikið notuð í starfinu. Myndvarpi og ljósaborð er t.d. notað til að gera skugga og rannsaka þá.

Unnið er markvisst að sköpun og menningu í Sæborg. Lögð er áhersla á listir og að börnin tjái sig á fjölbreyttan hátt og leiki sér í gegnum listina³⁵. Skapandi starf er aðalsmerki leikskólans og listasmiðjan er hjarta hans. Þar rannsaka börnin efnivið og nota hann til skapandi verkefna. Í valstundum er alltaf einhver listsköpun í boði. Börnin heimsækja listasöfn og hafa haldið sýningar á menningar- og listasöfnum³⁶. Í þeim tilgangi að gera barnamenningu sýnilega í samfélaginu hafa börnin gefið stofnunum nokkur listaverk. Þá hefur leikskólinn í gegnum tíðina verið í samstarfi við myndlistar- og tónlistarmenn. Í sköpun er lögð áhersla á sköpunarferlið ekki síður en afrakstur verksins. Skapalón eru ekki notuð af þeirri ástæðu að starfsfólkið hefur trú á að börnin geti gert sjálf³⁷. Í daglegu starfi er unnið með söng en í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeir vildu gjarnan fá tónlistina meira inn í daglegt starf. Í rýnihópi nefndu foreldrar að til fyrirmyndar væri hvernig unnið er að listsköpun í leikskólanum og taka matsaðilar heils hugar undir það.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er afslappað og einkennist af samstöðu, virðingu fyrir börnunum og trausti. Lögð er áhersla á að börnin fái að njóta sín og hafa áhrif og leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins³⁸. Leikskólinn leggur áherslu á að taka vel á móti hverju barni á morgnana svo það finni sig velkomið³⁹. Foreldrar í rýnihópi sögðu að alltaf væri vel tekið á móti börnunum og starfsfólkið þekkti börnin þó þau væru ekki á þeirra deild. Nefndu þeir einnig að þeir væru öruggir með börnin sín í leikskólanum og starfsfólkið ynni vel úr þeim málum sem upp kæmu.

Viðhorf starfsfólks til barnanna er að þau séu sterk og megnug og geti allt⁴⁰. Sýnilegt var í vettvangsathugun að börnin eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum, svo sem þegar þau klæða sig úr og í, þvo sér, leggja á borð og ganga frá eftir matartíma. Í rýnihópi lýstu foreldrar yfir ánægju með hvernig ýtt væri undir sjálfstæði barnanna.

Foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 leiddi í ljós að 88% foreldra telja að barnið þeirra sé ánægt í leikskólanum⁴¹. Í rýnihópi nefndu foreldrar að börnunum líði vel, komið sé til móts við þarfir þeirra og áhuga og þau tali vel um leikskólann heima. Börn í rýnihópi sögðu að þeim þætti gaman í leikskólanum, líði vel þar og væru glöð þegar þau kæmu á morgnana.

Að sögn stjórnenda er reynt að hafa sem minnst af reglum fyrir börnin. Nokkuð er samt um óskráðar reglur og eru þær ekki samræmdar á milli deilda nema hvað varðar reglur í útivist. Reglurnar mótast eftir aðstæðum og af því hver barna- og starfsmannahópurinn er hverju sinni⁴². Í starfsmannastefnu Sæborgar eru viðmið um hvernig starfsfólk á að koma fram við börnin og talað var um í rýnihópi að leitast sé við að vera með jákvæð skilaboð til barnanna í stað boða og banna. Matsaðilar urðu þó

³¹ Námskrá Sæborgar.

³² Rýnihópur deildarstjóra.

³³ Rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur foreldra.

³⁴ Viðtal við leikskólalæstjóra.

³⁵ Rýnihópur deildarstjóra.

³⁶ Námskrá Sæborgar.

³⁷ Rýnihópur deildarstjóra.

³⁸ Rýnihópur starfsmanna.

³⁹ Handbók foreldra.

⁴⁰ Rýnihópur deildarstjóra.

⁴¹ Skólapúlsinn mars 2016.

⁴² Rýnihópur deildarstjóra.

aðeins varir við „ekki“ skilaboð til barnanna sem hugsanlega má minnka með því að móta samræmd hegðunarviðmið til að styrkja sjálfsstjórn og boðskipti barnanna. Slík viðmið væri hægt að vinna með þátttöku barnanna á eldri deildum og setja upp sjónrænt fyrir börnin. Bent var á í viðtali að þörf væri á að samræma betur hvernig brugðist er við krefjandi hegðun barna⁴³.

Mat á námi og velferð barna

Í Sæborg er mikil áhersla lögð á skráningar og er leikskólinn einn af leiðandi leikskólum landsins í skráningum⁴⁴. Skráningarnar eru nýttar til að fá innsýn í hugmyndir og nám barna, þroska og námsferli og eru notaðar til að skipuleggja næstu skref í námi þeirra. Byrjað er á skráningu um barnið strax í aðlögun og myndar sú skráning ásamt sögu barnsins, sem foreldrar skrá, upphaf námsbókar barnsins. Námsbókin fylgir barninu í leikskólanum þar til það útskrifast og eru skráningar gerðar bæði af starfsfólki og foreldrum. Í skráningum er notast við ljósmyndir, samtöl, skráð ferli í máli og myndum og myndverk barnanna. Skráningarnar byggja á þáttunum: (1) Barnið sjálft, (2) barnið, hópurinn og samfélagið, (3) barnið, efniviðurinn og sköpunin og (4) barnið og heimilið. Námsbók barnsins er lögð til grundvallar umræðu um barnið í foreldraviðtölum og fá foreldrar námsbókina heim fyrir hvert foreldrasamtal til að undirbúa sig fyrir samtalið⁴⁵. Unninn hefur verið matslisti um málþroska sem notaður er til að meta stöðu og framfarir allra barnanna út frá skráningum í námsbókinni⁴⁶. Matið fer fram á hverju vori og ef niðurstöður einstakra barna gefa tilefni til er unnið markvisst að málörvun þeirra í framhaldi.

Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir öll börn í leikskólanum. Gerð einstaklingsnámskránnar fer fram í foreldrasamtali að hausti og vinna foreldrar og starfsfólk saman að því að skilgreina leiðir og markmið fyrir hvert barn⁴⁷. Í foreldrasamtali að vori eru markmiðin endurmetin⁴⁸. Elstu börnin hafa tækifæri til að koma með eigin markmið og ígrunda styrkleika sína sem skráð er í einstaklingsnámskrá þeirra að hausti. Þau eru studd við að vinna að markmiðunum sínum yfir veturinn og að vori eru markmiðin metin með börnunum. Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með námsbækurnar og einstaklingsnámskrár barnanna.

Notað er skimunarprófið *Hljóm-2*, sem kannar hljóð- og málvitund, og er það lagt fyrir elstu börn leikskólans að hausti og í framhaldi af því fá þau börn sem þess þurfa viðeigandi þjálfun⁴⁹. *Efi-2* málþroskaskimunin er lögð fyrir ef grunsemdir vakna um frávík í málþroska. Færnismiðaða matskerfið *AEPS* er lagt fyrir þau börn sem hafa fengið greiningu eða eru komin í ferli með að fá greiningu⁵⁰. Fleiri skimanir eru gerðar þegar þörf er á s.s. *Íslenski þroskalistinn*, *Orðaskil-málþroskapróf* og *Íslenski smábarnalistinn*.

Styrkleikar

- Möguleikar húsnaðis, útileiksvæðis og umhverfis til leiks og náms eru vel nýttir.
- Umhverfi barnanna er fallett og skapandi efniviður er aðgengilegur fyrir börnin.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Til fyrirmyndar er hvernig lögð er áhersla á lýðræði barna, val þeirra um viðfangsefni og þátttöku þeirra í ákvörðunum um eigið nám.
- Til fyrirmyndar er hvernig leitað er eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að útfæra þær og framkvæma.
- Áhersla er á rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.

⁴³ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁴⁴ Námskrá Sæborgar.

⁴⁵ Starfsáætlun 2015–2016.

⁴⁶ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

⁴⁷ Námskrá Sæborgar.

⁴⁸ Starfsáætlun Sæborgar 2016–2017, rýnihópur foreldra.

⁴⁹ Rýnihópur deildarstjóra.

⁵⁰ Viðtal við sérkennslustjóra.

- Til fyrirmyndar er hvernig sköpun er gert hátt undir höfði með áherslu á sköpunarferlið ekki síður en afrakstur verksins.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er að uppeldislegum skráningum til að gera námsferli, þroska og áhuga barnanna sýnilegri.
- Námsbók með skráningum um barnið fylgir því í gegnum leikskólagönguna og er lögð til grundvallar samræðu um barnið í foreldraviðtölum.
- Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir öll börn í leikskólanum í samvinnu við foreldra.
- Elstu börnin setja sér markmið í námi sem skráð eru í einstaklingsnámskrá.
- Samvinna er við foreldra um mat á námi og framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að koma til móts við óskir foreldra um skipulagðar hreyfistundir með börnunum.
- Skilgreina samræmd hegðunarviðmið fyrir börnin með þátttöku þeirra.
- Samræma verklag um hvernig tekist er á við krefjandi hegðun barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrír fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra⁵¹. Kosning í foreldraráð fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins sem er haldinn á hverju hausti. Óskað er eftir framboðum í ráðið og ef foreldrar gefa ekki kost á sér með þeim hætti hefur verið farin sú leið að leita til valinna foreldra um þátttöku. Leikskólastjóri undirbýr fundi foreldraráðs, boðar til þeirra með dagskrá og fundar með ráðinu. Ekki er gerð áætlun um fundi heldur fundar ráðið eftir þörfum þegar breytingar eru fyrirhugaðar, verið er að endurskoða skólanámskrá eða gefa út starfsáætlun. Tveir fundir hafa verið haldnir í foreldraráði það sem af er þessu skólaári⁵². Til eru starfsreglur fyrir foreldraráðið en fram kom í rýnihópi foreldra að núverandi formaður foreldraráðsins þekkir þær ekki. Fundargerðir eru að sögn leikskólastjóra skráðar en eru ekki aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi og er stjórn félagsins kosin á aðalfundi að hausti ár hvert⁵³. Í stjórn eru allir foreldrar sem hafa á því áhuga en gætt er að því að a.m.k. einn fulltrúi sé af hverri deild. Þetta starfsár eru ellefu fulltrúar í stjórn félagsins. Einn starfsmaður leikskólans starfar með stjórninni. Í samráði við leikskólann hefur foreldrafélagið umsjón með árlegum viðburðum í leikskólanum, s.s. leiksýningu, aðstoð við jólaball, vorhátíð og vorferð.

Haldinn er fundur árlega með öllum nýjum foreldrum og þeim kynnt stefna og starfsemi leikskólans⁵⁴. Unnin hefur verið handbók fyrir nýja foreldra og er hún til á íslensku og ensku og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Aðlögun nýrra barna fer fram með þátttöku aðlögun þar sem foreldrarnir dvelja í leikskólanum og taka þátt í starfinu þá þrjá daga sem aðlögunin fer fram⁵⁵. Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 kom fram að 73% foreldra telja að vel sé staðið að upphafi leikskólagöngu barnanna⁵⁶. Um 78% foreldra telja að vel sé staðið að flutningi barna á milli deilda í leikskólanum.

Foreldrafundur er haldinn að hausti ár hvert þar sem starf vetrarins er kynnt⁵⁷. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, að hausti og vori og taka ýmist deildarstjórar eða hópstjórar samtölin⁵⁸. Í febrúar ár hvert er haldin foreldravika þar sem foreldrum býðst að taka þátt í daglegu starfi og kynna leikskólanum⁵⁹. Sett er upp dagskrá og foreldrar velja sér tíma til að koma og skrá sig á lista. Þátttaka foreldra í foreldravíkunni er góð að sögn deildarstjóra. Foreldrar í rýnihópi sögðust allir taka þátt í foreldravíkunni og voru þeir ánægðir með þetta tækifæri til að fá innsýn í leikskólastarfið. Auk þessa er gjarnan leitað til foreldra

⁵¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵² Rýnihópur foreldra.

⁵³ Rýnihópur foreldra.

⁵⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁵ Námskrá Sæborgar.

⁵⁶ Skólapúlsinn mars 2016.

⁵⁷ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

⁵⁸ Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁹ Viðtal við leikskólastjóra. Rýnihópur foreldra og rýnihópur deildarstjóra.

eða aðstandenda barnanna, sem hafa eitthvað sérstakt fram að færa, um að koma að vinnu með börnunum í tengslum við ákveðin verkefni⁶⁰. Leikskólinn hefur með þessum hætti fengið listafólk og fólk með aðra sérþekkingu til að auðga leikskólastarfið. Þá er leitað til foreldra þegar verið er að safna efnivið til listsköpunar. Reglulega eru haldnar uppákomur sem aðstandendum er sérstaklega boðið til svo sem mömmu- og ömmukaffi, pabba- og afakaffi, skapandi jólakvöld, útskriftarhátíð, sumarhátíð og vorsýning á verkum barnanna. Þátttaka foreldra á þessa viðburði er góð⁶¹. Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 var spurt um viðhorf til tímasetninga viðburða og voru 79% foreldra ánægðir með tímasetningar⁶². Matsaðilar telja til fyrirmyndar þá möguleika sem foreldrar hafa til að fylgjast með námi barna sinna og taka þátt í leikskólastarfinu í Sæborg.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 var spurt um hvernig væri staðið að upplýsingamiðlun til foreldra um þætti eins og þroska og námsframvindu, viðfangsefni barnsins í leikskólanum og um fundi og starfið á deildinni. Kom fram að einungis um 57% foreldra voru ánægðir með upplýsingamiðlunina en um 89,5% foreldra voru ánægðir með heimasíðu leikskólans⁶³. Í rýnihópi foreldra kom aftur á móti fram að þeir eru mjög ánægðir með hvað þeir fá mikið af upplýsingum og finnst ekki vanta á upplýsingagjöf. Nefndu þeir vikulega tölvupósta bæði frá leikskólastjóra og deildarstjórum með upplýsingum um starfið og lokaðar Instagram síður deilda þar sem inn væru settar myndir og myndbönd úr daglegu starfi. Heimasíða leikskólans er einnig virk en foreldrar sögðust ekki nota hana mikið vegna þess að þeir fengju flestar upplýsingar með öðrum hætti.

Viðhorf foreldra

Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 og í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með leikskólann. Flestir þeirra sem svöruðu könnun Skólapúlsins svöruðu því jákvætt að leikskólinn hvetti þá til þátttöku í leikskólastarfinu og er það í fullu samræmi við það sem fram kom í rýnihópi foreldra. Foreldrar sögðust alltaf vera velkomnir í leikskólann og inn á deildir. Þeir kváðust einnig vera ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og stjórnenda og sögðu að komið væri til móts við óskir þeirra. Leiti þeir eftir leiðbeiningum eða ráðgjöf frá þeim hana.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf er milli Sæborgar og Melaskóla og fara elstu börnin í leikskólanum í heimsókn þrisvar sinnum yfir veturinn til að kynnst grunnskólastarfinu⁶⁴. Melaskóli leiðir samstarfið og setur niður þrjár heimsóknir frá áramótum til vors. Börnin fara á bókasafn skólans, í íþróttatíma og kennslustund⁶⁵. Á vorin er haldinn skilafundur með skólanum vegna barnanna. Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 kom fram að aðeins um helmingi foreldra finnst þeir vera virkir þátttakendur í flutningi barna á milli skólastiga⁶⁶.

Annað samstarf

Starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum í Vesturbæ er í samstarfi og er með einn sameiginlegan skipulagsdag á ári⁶⁷. Samstarf er við Melaskóla og fimm aðra leikskóla um mótun áætlunar um mál og læsi⁶⁸.

Í vetur er Sæborg í samstarfi við leikskólana Klambra og Dalskóla um þemavinnu þar sem viðfangsefnið er borgin Reykjavík og heimsóknir á milli leikskólanna. Verkefnið er unnið í tengslum við barnamenningarhátíð 2017 og styrkir barnamenningarsjóður verkefnið. Á meðan á heimsókn matsaðila í Sæborg stóð fóru börn frá Sæborg í heimsókn í leikskólann Klambra og dvöldu daglangt og börn frá Klömburum komu í heimsókn í Sæborg.

⁶⁰ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

⁶¹ Rýnihópur foreldra.

⁶² Skólapúlsinn mars 2016.

⁶³ Skólapúlsinn mars 2016.

⁶⁴ Námskrá Sæborgar.

⁶⁵ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶⁶ Skólapúlsinn mars 2016.

⁶⁷ Námskrá Sæborgar.

⁶⁸ Starfsáætlun Sæborgar 2016–2017.

⁶⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

Samstarf er við Myndlistarskólann, Melaskóla og leikskólann Hagaborg í Evrópuverkefni sem hefur það að markmiði að menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barna á aldrinum 0–8 ára. Verkefnið ber heitið *Evrópsk menningarbörn (e. Cultural Children of Europe)*⁶⁹.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Allir foreldrar sem kjósa að vera í stjórn foreldrafélagsins eiga þess kost.
- Handbók fyrir nýja foreldra er til á íslensku og ensku.
- Til fyrirmyndar er hvernig foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum og taka þátt í leikskólastarfinu.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Mannauðurinn í foreldrahópnum er vel nýttur.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn.
- Unnið er að verkefnum í samstarfi við aðrar skólastofnanir.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð fundi reglulega, setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Efla gagnkvæmt samstarf á milli Sæborgar og Melaskóla vegna flutnings barna á milli skólastiga.

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Í Sæborg er þroskajálfi í 75% starfi sem sérkennslustjóri og hefur hann yfirumsjón með sérkennslu-málum skólans. Undir hans stjórn starfar annar þroskajálfi sem annast stuðning við tvö börn. Í skólanámskrá kemur fram að unnið er samkvæmt hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun og komið er til móts við börn sem þurfa sérstakan stuðning á einstaklingsmiðaðan hátt og í samvinnu við foreldra og fagaðila. Leikskólinn vinnur í nánú samstarfi við foreldra og sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar við að greina frávik í þroska barna og veita þeim stuðning. Fram kom í viðtali við sérkennslustjóra að löng bið væri eftir að fá sálfræði- og þroskamat á þjónustumiðstöðinni og því væri snemmtæk íhlutun ekki alltaf raunin. Nefndi hann að styttri bið væri eftir þjónustu talmeinafræðings og sérkennsluráðgjafi kæmi strax og eftir því væri leitað.

Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja sérkennslu og stuðning⁷⁰. Á hans verksviði er meðal annars að fylgjast með ef grunsemdir vakna um þroskafrávik hjá barni. Hann er þá kallaður til og ef hann metur ástæðu til þá eru foreldrar boðaðir á fund og tekin ákvörðun um næstu skref. Sérkennslustjóri greinir barnið og ef þurfa þykir er send tilvísun til þjónustumiðstöðvar um frekari greiningu. Sérkennslustjóri heldur utan um vinnu með einstaklingum sem eru með skilgreinda sérkennslu.

Sérkennslustjóri kemur að gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu ásamt starfsfólki deildar og foreldrum. Þar eru sett fram þau markmið sem vinna á með og eru þau endurmetin og uppfærð reglubundið. Teymi er myndað um börn sem eru með formlega greiningu eða eru í greiningarferli og eru teymisfundir haldnir reglulega. Sérkennslustjóri heldur utan um teymisfundi og sér um að boða alla aðila.

⁶⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁰ Viðtal við sérkennslustjóra.

Lögð er áhersla á að stuðningur og sérkennsla fari sem mest fram inni í barnahópnum á deildum⁷¹. Vinna með börn sem þurfa málörvun fer að mestu fram í hópum inni á deildum en sérkennslustjóri vinnur auk þess sérstaklega með þeim börnum sem eru með alvarlegri málþroskafrávik, yfirleitt einstaklingslega eða í litlum hópum.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Lögð er áhersla á málörvun barna með annað móðurmál en íslensku og unnið er með þeim einstaklingslega eða í hóp eftir þörfum⁷². Leitast er við að koma til móts við foreldra með tulkabjónustu á fundum og þýða upplýsingar sem þurfa að berast til foreldra. Fyrir liggur foreldrahandbók á ensku með helstu upplýsingum um Sæborg. Sem stendur er aðeins eitt barn í leikskólanum sem er með annað móðurmál en íslensku og er stutt við það með málörvun. Reykjavíkurborg hefur sett stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf sem ber heitið *Heimurinn er hér*. Þar sem lítið hefur verið um erlend börn í Sæborg hefur ekki farið fram markviss vinna við innleiðingu stefnunnar⁷³.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.

Tækifæri til umbóta

- Skóla- og frístundasvið leiti leiða til að tryggja börnunum snemmtæka íhlutun í samræmi við stefnu borgarinnar, s.s. með því að minnka bið eftir sálfræði- og þroskamati.
- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir, komi upp grunur um frávik hjá barni.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Innra mat leikskólans er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið og þar er að finna langtímaáætlun í innra mati. Matsáætlun fyrir skólaárið liggur einnig fyrir. Langtímaáætlun endurspeglar ekki að allir helstu þættir skólastarfs séu metnir, t.d. virðist hvorki stjórnun né skólabragur vera metinn. Markmið skólanámskrár eru metin í innra mati en þó ekki markvisst og skipulega. Í skýrslum um þemaverkefni má sjá að markmið eru sett fram og metin. Viðmið um gæði/árangur eru sett fram að hluta í skólanámskrá.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við öflun gagna, þar sem gagna er aflað sem hæfa viðfangsefninu. Ígrundun starfshátta er virkur hluti af innra mati. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að niðurstöður ytra mats eru nýttar í innra mati leikskólans en af matsgögnum að dæma mætti nýta þær enn betur. Matsteymi skipa leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og listasmiðjustjóri og fundar það sex sinnum yfir skólaárið⁷⁴. Í rýnihópi

⁷¹ Viðtal við leikskólastjóra og viðtal við sérkennslustjóra.

⁷² Starfsáætlun Sæborgar 2016–2017.

⁷³ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁴ Rýnihópur deildarstjóra.

deildarstjóra kom fram að teymið heldur utan um matið og tekur saman það sem kemur frá deildunum og úr viðtölum við foreldra og starfsfólk. Tækifæri liggja í því að greina þau gögn sem aflað er um nám og framfarir barna betur fyrir hópinn og nýta til umbóta á deildum.

Aðkoma foreldra að innra mati er í gegnum foreldraráð en foreldrar virðast ekki taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati. Samkvæmt matsáætlun taka börnin þátt í að meta útiveru, eigin markmið og matartímann.

Opinber birting og umbætur

Innra mat er opinbert í skólanámskrá og starfsáætlun sem finna má á heimasíðu leikskólans og niðurstöður þess eru kynntar helstu hagsmunaaðilum⁷⁵. Greinargerð um innra mat er í starfsáætlun en þar er ekki að finna samantekt á styrkleikum og tækifærum til umbóta og því erfitt að átta sig á því hvaðan sumir umbótaþættir í umbótaáætlun koma.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi.
- Matið er unnið samkvæmt langtímaáætlun og áætlun er einnig gerð fyrir skólaárið.
- Matsteymi skipuleggur og heldur utan um matið.
- Markmið þemaverkefna eru sett fram og metin.
- Ígrundun starfshátta er virkur hluti af innra mati.
- Börnin eru þátttakendur í innra mati.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Umbótaáætlun er opinber og tímasett og í henni koma fram nauðsynlegar upplýsingar.

Tækifæri til umbóta

- Meta alla helstu þætti starfsins reglulega og setja fram í langtímaáætlun.
- Skoða mætti hvernig ytra mat gæti nýst enn betur í innra mati en nú er, t.d. við mat á stjórnun og skólabrag.
- Í skólanámskrá ætti að setja skýrar fram hvernig markmið leikskólans eru metin, meta markmiðin markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um árangur fyrir hvert markmið.
- Skoða mætti hvernig hægt er að greina gögn um nám og framfarir barna fyrir hópinn og nýta til umbóta.
- Gæta að því að foreldrar taki meiri þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati, t.d. með þátttöku í matsteymi.
- Í greinargerð um innra mat þarf að taka saman helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og setja tækifærin fram í umbótaáætlun.

⁷⁵ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi í leikskólanum Sæborg: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og starfsáætlun.
- Til fyrirmyndar er hversu markvisst er unnið samkvæmt stefnu skólans sem er mjög sýnileg í starfinu.
- Starfsmenn og börn unnu markvisst með gildi skólans veturinn 2015-2016. Gildin voru mjög sýnileg í vettvangsathugunum.
- Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með stefnu skólans og hversu markvisst er unnið samkvæmt henni.
- Útileiksvæði er stórt og vel tækjum búið.
- Mikið er lagt upp úr fallegu og vistlegu umhverfi.
- Virkt og gott samstarf er við skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.
- Allir starfsmenn komu að gerð skólanámskrár.
- Starfsmannahandbók er aðgengileg á deildum.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi með mikinn faglegan metnað.
- Aðgengi að stjórnendum er gott.
- Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og markvisst er unnið með niðurstöður þeirra.
- Fagfundir og skráningafundir eru reglulegur þáttur í starfinu.
- Skólabragur er góður.
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann og samvinnu í leikskólanum.
- Faglegur metnaður einkennir starfið í leikskólanum.
- Möguleikar húsnæðis, útileiksvæðis og umhverfis til leiks og náms eru vel nýttir.
- Umhverfi barnanna er fallegt og skapandi efniviður er aðgengilegur fyrir börnin.
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Til fyrirmyndar er hvernig lögð er áhersla á lýðræði barna, val þeirra um viðfangsefni og þátttöku þeirra í ákvörðunum um eigið nám.
- Til fyrirmyndar er hvernig leitað er eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að útfæra þær og framkvæma.

- Áhersla er á rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Til fyrirmyndar er hvernig sköpun er gert hátt undir höfði með áherslu á sköpunarferlið ekki síður en afrakstur verksins.
- Til fyrirmyndar er hvernig unnið er að uppeldislegum skráningum til að gera námsferli, þroska og áhuga barnanna sýnilegri.
- Námsbók með skráningum um barnið fylgir því í gegnum leikskólagönguna og er lögð til grundvallar samræðu um barnið í foreldravíðtölum.
- Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir öll börn í leikskólanum í samvinnu við foreldra.
- Elstu börnin setja sér markmið í námi sem skráð eru í einstaklingsnámskrá.
- Samvinna er við foreldra um mat á námi og framförum barnanna.
- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Allir foreldrar sem kjósa að vera í stjórn foreldrafélagsins eiga þess kost.
- Handbók fyrir nýja foreldra er til á íslensku og ensku.
- Til fyrirmyndar er hvernig foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum og taka þátt í leikskólastarfinu.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Mannauðurinn í foreldrahópnum er vel nýttur.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsmenn.
- Unnið er að verkefnum í samstarfi við aðrar skólastofnanir.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi.
- Matið er unnið samkvæmt langtímaáætlun og áætlun er einnig gerð fyrir skólaárið.
- Matsteymi skipuleggur og heldur utan um matið.
- Markmið þemaverkefna eru sett fram og metin.
- Ígrundun starfshátta er virkur hluti af innra mati.
- Börnin eru þátttakendur í innra mati.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Umbótaáætlun er opinber og tímasett og í henni koma fram nauðsynlegar upplýsingar.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Skoða markvisst ástæður starfsmannaveltu og hvernig hægt er að draga úr henni.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar innandyrna og nýta betur aðstöðu úti til slíkrar þjálfunar.
- Huga að aðstöðu fyrir börn til að vera í ró og næði.
- Áfram þarf að leita leiða til að bæta vinnuaðstæður barna og starfsmanna.
- Halda deildarfundi reglulega og rita fundargerðir.
- Gæta að því að undirbúningstímar falli ekki niður.
- Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.
- Leikskólastjóri hugi að því að setja ábendingar til starfsfólks um það sem betur má fara fram á uppbyggilegan hátt og hrósa meira fyrir vel unnin störf.
- Skrá verklagsreglur um hvernig bregðast eigi við slysum á börnum og hafa þær sýnilegar á deildum.
- Leita leiða til að koma til móts við óskir foreldra um skipulagðar hreyfistundir með börnunum.
- Skilgreina samræmd hegðunarviðmið fyrir börnin með þátttöku þeirra.
- Samræma verklag um hvernig tekist er á við krefjandi hegðun barna.
- Foreldraráð fundi reglulega, setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
- Efla gagnkvæmt samstarf á milli Sæborgar og Melaskóla vegna flutnings barna á milli skólastiga.
- Skóla- og frístundasvið leiti leiða til að tryggja börnunum snemmtæka íhlutun í samræmi við stefnu borgarinnar, s.s. með því að minnka bið eftir sálfræði- og þroskamati.
- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir, komi upp grunur um frávik hjá barni.
- Meta alla helstu þætti starfsins reglulega og setja fram í langtímaáætlun.
- Skoða hætti hvernig ytra mat gæti nýst enn betur í innra mati en nú er, t.d. við mat á stjórnun og skólabrag.
- Í skólanámskrá ætti að setja skýrar fram hvernig markmið leikskólans eru metin, meta markmiðin markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um árangur fyrir hvert markmið.
- Skoða hætti hvernig hægt er að greina gögn um nám og framfarir barna fyrir hópinn og nýta til umbóta.
- Gæta að því að foreldrar taki meiri þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati, t.d. með þátttöku í matsteymi.
- Í greinargerð um innra mat þarf að taka saman helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og setja tækifærin fram í umbótaáætlun.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Sæborg leiðir í ljós að þar fer fram metnaðarfullt leikskólastarf. Stefna leikskólans með áherslu á lýðræði og skapandi starf birtist mjög vel í starfinu. Til fyrirmyndar er hvernig leitað er eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að útfæra þær og framkvæma. Til fyrirmyndar er einnig hvað sköpun er gert hátt undir höfði og hvernig unnið er með uppeldislegar skráningar og einstaklingsnámskrár barnanna í samvinnu við foreldra. Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra, þeir eru ánægðir með leikskólann og telja að börnunum líði vel. Þeir eru ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum um starfið og börnin. Á vettvangi mátti greina virðingu og umhyggju fyrir börnunum og samvinna var góð. Skólabragur er góður og starfshópurinn hefur metnað fyrir góðu starfi.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Leikskólinn Sæborg: Handbók foreldra. Slóðin er: <http://saeborg.is/images/stories/Skjol/handbok-fyrir-foreldra-3-juli-2014.pdf>.

Leikskólinn Sæborg: Heimasíða. Slóðin er: <http://saeborg.is/>.

Leikskólinn Sæborg: Námskrá. Slóðin er: <http://saeborg.is/images/Skjol/Nmskr%20Sborgar%20lokaskjal%205.%20jan%202016.pdf>.

Leikskólinn Sæborg: Leikskóladagatal 2016–2017. Slóðin er: <http://saeborg.is/images/Sk%C3%B3ladagatal%202016-2017.pdf>.

Leikskólinn Sæborg. (2016) Læsisstefna Sæborgar. Slóðin er: <http://saeborg.is/images/L%C3%A6sisstefna%20S%C3%A6borgar%20%20jan%C3%BAar%202016.pdf>.

Leikskólinn Sæborg: Starfsáætlun 2016–2017. Slóðin er: http://saeborg.is/images/starfs%C3%A1%C3%A6tlun%202016_2017%20tilb%C3%AIn.pdf.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Reykjavíkurborg. (2009). Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar Slóðin er: [http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Serkennslustefna - lokaeintak.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Serkennslustefna_-_lokaeintak.pdf).

Skólapúlsinn. (2016). Foreldrakönnun mars 2016.

Viðtöl:

Símtal við skrifstofustjóra leikskólahluta fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.



From: Anna G. Björnsdóttir [<mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>]
Sent: 30. maí 2017 10:49
Subject: Lýðheilsugöngur í sveitarfélögum í tilefni af 90 ára afmæli F.Í.

Til framkvæmdastjóra/oddvita allra sveitarfélaga

Í tilefni af 90 ára afmæli Ferðafélags Íslands þann 27. nóvember 2017 hyggst félagið bjóða uppá lýðheilsugöngur í öllum sveitarfélögum landsins nú í september. Gert er ráð fyrir að farnar verði fjórar göngur í hverju sveitarfélagi, ein á viku þennan mánuð. Tilgangur gangnanna er að hvetja fólk til útivistar og hreyfingar í góðum félagskap. Ferðafélagið vill með þessu leggja sitt af mörkum til að stuðla að bættri lýðheilsu íbúa landsins og auka líkamlega, andlega og félagslega vellíðun og meðvitund um umhverfið. Ferðafélagið telur mikilvægt að fá sveitarfélög til samstarfs um verkefnið og mun væntanlega hafa samband við öll sveitarfélög landsins á næstunni í því skyni. Þetta er jákvætt framtak hjá ferðafélaginu og Samband íslenskra sveitarfélaga vonar að sem flest sveitarfélög muni taka þátt í því.

mgkv
Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi bensínstöð að Kirkjustétt 2-6 - R15030097

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka enn einu sinni ósk sína, upphaflega frá árinu 2012, um að fá lögfræðilegt álit á því hvort staðsetning bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti samræmist reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir bensínstöðva. Í umræddum reglum segir m.a. að fjarlægð milli mannvirkja bensínstöðvar og byggingar, þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma, t.d. skóla, skuli að lágmarki vera tólf metrar. Einnig segir að bensínstöðvar beri að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra en töluverð umferð skólabarna er um stöðina vegna nálægðar hennar við nærliggjandi skóla- og frístundastarf. Umrædd bensínstöð, sem reist var árið 2005, er skammt frá Ingunnarskóla, frístundaheimilinu Stjörnulandi og félagsmiðstöðinni Fókusi. Árum saman hafa foreldrar barna í Grafarholti gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar svo nærri fjölmennasta skóla hverfisins og m.a. kvartað yfir því að í ákveðnum vindáttum berist bensínfnykur inn í skólahúsnaðið. Furðu sætir að sjálfsögð fyrirspurn sem þessi skuli hrakhraufast um borgarkerfið árum saman en það segir ákveðna sögu um vinnubrögð núverandi borgarstjórnarmeirihluta og áhugaleysi hans á málinu.

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að strax verði gripið til úrbóta í húsnæðismálum Melaskóla - R17060018

Lagt er til að þegar í stað verði gripið til úrbóta vegna bráðavanda í húsnæðismálum Melaskóla. Ráðast þarf í aðkallandi viðhaldsframkvæmdir í skólanum í sumar, t.d. málun innanhúss og gólfviðgerðir. Þá þarf að leita allra leiða til að tryggja skólanum viðbótarhúsnæði fyrir skólabyrjun í haust, t.d. með því að bæta tveimur færanlegum kennslustofum við á skólalóðina og/eða skoða leigu á rýmum í nágrenni skólans sem nefnd hafa verið í þessu sambandi. Umrætt viðbótarhúsnæði yrði tímabundin bráðabirgðalausn þar til viðbygging myndi leysa vandann til framtíðar.

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að undirbúningur verði hafinn strax að viðbyggingu við Melaskóla - R17060018

Lagt er til að undirbúningur verði nú þegar hafinn að viðbyggingu við Melaskóla. Mun fleiri nemendur eru nú í skólanum en hann rúmar með góðu móti og hefur það margvíslegan vanda í för með sér: aðgengi fyrir fatlaða er óviðunandi, mötuneyti skólans stenst ekki kröfur, salernisaðstaða nemenda og starfsfólks er úrelt og óásættanleg, sérkennsluðstöðu er ábótavant, aðstöðuskortur háir sérgreinakennslu og starfsaðstaða kennara er af mjög skorum skammti. Miðað við fyrirbyggjandi spár um fjölda nemenda er ljóst að húsnæðisþörf Melaskóla verður ekki leyst til framtíðar án viðbyggingar.

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um laun borgarfulltrúa í kjölfar breytinga á samþykktum 4. apríl 2017 - R16110090

Framsókn og flugvallarvinir ítreka fyrirspurn sína frá 6. apríl 2017, lið 40 er varðar launakjör og ráðningasamning borgarstjóra, m.a. hvort að laun borgarstjóra verði aftengd ákvörðun Kjarraráðs eins og gert hefur við varðandi laun annarra borgarfulltrúa.

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa um fjölda starfs- og stýrihópa sem hafa verið stofnaðir á núverandi kjörtímabili - R17060016

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hversu margir a) starfshópar og b) stýrihópar hafa verið stofnaðir frá upphafi kjörtímabilsins 16. júní 2014 og fram til dagsins í dag 1. júní 2017. Óskað er eftir sundurgreindum upplýsingum á fjölda þeirra hópa, heiti hópa, nafn ábyrgðaraðila, hversu margir sitja í hópnum, hver skipar þá, tímarammanum sem hópnum er ætlað að starfa, hverjir hafa lokið störfum og hvenær þeim lauk þá og hvaða hópar eru með frest til skila. Óskað er eftir að starfshóparnir séu sundurgreindir eftir sviðum.

BORGARRÁÐ 1.6.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi forfallakennslu - R17060014

Nú liggur fyrir svar frá skóla- og frístundasviði dag 18. maí 2017 við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði varðandi forfallakennslu. Ljóst er að lagaskylda borgarinnar er skýr þegar kemur að rétti nemenda til lámarksfjölda kennslustunda og ekki er heimilt að skerða kennslutíma. Skóla- og frístundasvið hefur ekki viðmiðunarleiðbeiningar eða stuðning við grunnskóla til að uppfylla þessa lagaskyldu sína þegar kemur að mönnun forfallakennslu. Nemendur eru misviðkvæmir fyrir því að fá ekki allar kennslustundir í námsfögum og kann slíkt að hafa áhrif á möguleika þeirra til náms í framhaldsskólum. Má t.d. nefna hóp barna sem þurfa mikinn stuðning innan skólakerfisins, t.d. börn með greiningar og börn sem hafa íslensku ekki að móðurmáli sínu. Því óskum við eftir svari frá meirihluta borgarstjórnar hvort og þá til hvaða aðgerða hann hyggst grípa, þannig að hægt sé að tryggja nemendum á unglingastigi fullan kennslutíma fjölda eins og lög kveða á um.